

## Að hætta í FB

Ef nemandi vill hætta í skólanum á þessari önn verður hann að hafa samband við skólameistara. Einnig þeir sem telja sig fallna vegna slakrar skólasóknar. **Nemandi sem hverfur frá námi án vitneskju skólameistara, hefur fyrirgert rétti sínum til áframhaldandi náms við dagskóla Fjölbrautaskólans í Breiðholti.**



Fjölbrautaskólinn  
í Breiðholti

Sími: 570-5600. Netfang: [fb@fb.is](mailto:fb@fb.is). Heimasíða: [www.fb.is](http://www.fb.is).

## Frá áfangastjórum á haustönn 2011

Um leið og við bjóðum nemendur Fjölbrautaskólans í Breiðholti velkomna til starfa, þá viljum við minna á að nemendum ber að fara eftir þeim reglum sem gilda í skólanum.

### Kynnið ykkur vel þessar upplýsingar

#### Skólasókn

- Nemendur skulu sækja allar kennslustundir í þeim áföngum sem þeir hafa í stundaskrá sinni og koma stundvíslega til kennslu. Gerð er lágmarkskrafa um 80% heildarmætingu.
- Nemendur verða að mæta í a.m.k. 80% kennslustunda. Í einstökum áföngum eru þó strangari mætingareglur og eru þær tilgreindar í kennsluáætlunum. Hér er t.d. um að ræða ýmsa verklega áfanga og símatsáfanga.
- Nemandi, sem ekki hefur mætt í kennslustund, getur ekki farið fram á að fá kennslu í því efni sem búið er að fara yfir.
- Engin leyfi eru gefin vegna læknisheimsóknar og þess háttar fjarveru.
- Nemandi sem er með yfir 95% mætingu fær A í skólasókn og eina einingu. Nemandi með 90%–95% mætingu fær B í skólasókn. Nemandi með 85%–89% mætingu fær C í skólasókn og nemandi með 80%–84% mætingu fær D í skólasókn. Ef nemandi fer niður fyrir 80% mætingu (þegar búið er að draga frá veikindavottorð og leyfi) er hann fallinn

á önninni og fær einkunnina E í skólasókn. Ef nemandi sem fellur á önn hyggst halda áfram námi þarf hann að gera grein fyrir fjarvistum sínum og sækja um skólavist að nýju.

### Veikindi

Til að fá niðurfellda fjarvistaskráningu vegna veikinda þarf að skila inn læknisvottorðum eða staðfestingu frá foreldri eða forráðamanni sé nemandi undir 18 ára aldri. Vottorðin eru metin þannig að fyrstu tveir dagarnir eru ekki dregnir frá. Skila þarf læknisvottorðum á skrifstofu skólans innan fimm daga frá lokum veikinda. Ef nemandi er veikur í viku eða lengur á hann að láta skrifstofuna vita símleiðis, og skila síðan vottorði að loknum veikindum.

### Fjarvistir vegna annars en veikinda

Stjórnendur skólans geta heimilað að felldar séu niður fjarvistir að öllu leyti þegar nemendur hafa verið fjarverandi í sérstökum tilvikum.

*Hafa ber í huga að enginn fær skólasóknareinkunnina A nema fjarvistir hans séu innan leyfilegra viðmiðunarmarka án frádráttar vegna veikindavottorða eða leyfa (Nemendur mega hafa fengið allt að 25 fjarvistir frádregnar).*

Ef nemandi getur ekki fylgt framangreindum reglum ber honum að hafa samband við skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Nemendur með börn á framfæri eru beðnir um að hafa samband við áfangastjóra.

### Viðtalstímar áfangastjóra:

**Berglind H. Jónsdóttir:** Mánu-, miðviku-, fimmtu- og föstudaga  
10:00-12:00. Einnig 13:15-14:30 á mánudögum.

**Stefán Andrésson:** Miðvikudaga kl. 10:00-12:00.

Nemendur ganga frá **vali fyrir vorönn 2012** í Innunni í vikunni frá **24. október og til með 30. október**. Valvikan verður auglýst nánar síðar. Athugið að nemendur verða svo að skoða og leiðrétta valið sitt eftir að einkunnir hafa verið afhentar í desember.

Foreldrar nemenda yngri en 18 ára fá **miðannarmat** sent heim í byrjun mars. Þeir geta einnig átt von á bréfi mæti nemandi illa.

Nemendur geta fengið upplýsingar um fjarvistastig sín í Innunni (upplýsingakerfi framhaldsskólanna) [www.inna.is/nemendur](http://www.inna.is/nemendur), en einnig hjá áfangastjórum og á bókasafni skólans. Á bókasafninu verður hægt að fá aðgangsorð að Innunni og að tölvunum. Foreldrar nemenda undir 18 ára aldri geta sótt sér aðgang að **Innunni**, leiðbeiningar um hvernig eigi að bera sig að eru á [www.fb.is](http://www.fb.is), undir hnappnum “**Gleymt lykilorð**”. Getu þeir þá séð stundaskrá, fjarvistir, miðannarmat og námsferil barna sinna.

### Að hætta í áfanga

Nemendur geta sagt sig úr áföngum á skrifstofu skólans til og með **2. september**. Þeir sem skráðir eru í áfanga, eftir að uppgefinn frestur til að segja sig úr er liðinn og mæta ekki í lokapróf, hafa ekki trygga skólavist næstu önn.

### Fall á önn

Fái nemandi einkunnina **E** í skólasókn er hann fallinn á önninni og þarf þá að **sækja um skólavist að nýju**.